

Dr. Jack Kevorkian

Jacob „Jack“ Kevorkian (26.maí 1928 – 3.maí 2011) var einn áhrifamesti baráttumaður líknardrápa í Bandaríkjunum, hann var menntaður meinafræðingur og útskifaðist úr læknisfræðiháskóla Michigan árið 1952.

Kevorkian var af Armensku bergi brotin, báðir foreldrar hans voru Armenskir innflytjendur. Jack Kevorkian varð heimsfrægur á tíunda áratugnum fyrir það að hafa hjálpað rúmlega 130 veikum einstaklingum að enda líf sitt frá árinu 1990 til ársins 1998, honum var gefið viðurnefnið „Dr. Death“ vegna þessa.

Jack Kevorkian hafði ungur að árum mótað með sér þá skoðun að fólk sem væri að upplifa mikinn sársauka vegna veikinda ætti sjálft að geta ákveðið hvenær það myndi deyja.

Árið 1987 byrjaði hann að auglýsa ráðgjöf fyrir mjög veikt fólk sem væri að leitast eftir því að deyja, það var ekki fyrr en árið 1990 sem hann hjálpaði sínum fyrsta sjúklingi að deyja, það var kona að nafni Janet Adkins sem hafði verið greind með Alzheimer árið 1989. Jack Kevorkian var ákærður fyrir morðið á Adkins en það voru þó enginn lög í Michigan ríki á þessum tíma sem bönnuðu það að hjálpa manneskju að enda líf sitt og var því ákæran lögð niður seinna það sama ár.

Michigan ríki svipti Kevorkian lækningaleyfi árið 1991 eftir að það hefði gefið honum skýr fyrirmæli um að hann gæti ekki haldið áfram að veita fólki þessa þjónustu.

Árið 1998 lét Jack Kevorkian fréttapáttinn 60 Minutes fá upptöku af því þegar hann sprautaði mann að nafni Thomas Youk með lyfjum sem enduðu líf hans. Kevorkian sprautaði hann sjálfur til þess að hann yrði ákærður, hann trúði því að hann gæti farið með málið fyrir dóm og sýnt fram á að það sem hann væri að gera væri mannúðlegt en ekki morð.

Jack Kevorkian ákvað að vera sinn eiginn verjandi í réttarhöldunum, það virkaði ekki mjög vel fyrir hann þar sem hann var ekki lærður í lögfræði og kunni því ekki setja fram mál sitt samkvæmt lögum. Dómsmálið endaði með því að Jack Kevorkian var fundinn sekur og dæmdur í 10 til 25 ára fangelsisvist fyrir morð af annari gráðu.

Kevorkian afplánaði rúmlega átta ár af dómi sínum en honum var veitt náðun vegna veikinda og hleypt út 1. júní árið 2007. Allt til dauðadags hélt hann áfram að berjast fyrir því að það væri réttur allra einstaklinga að geta ráðið örlögum sínum. Jack Kevorkian lést þann 3. júní árið 2011 eftir þrálát veikindi til margra ára, hann var 83 ára gamall.